

Skýringar

Rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðar

Við skattskylda sölu rafmagns- eða vetnisbifreiðar er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu:

- Að hámarki 6.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 30. júní 2020.
- Að hámarki 6.500.000 kr. frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023.

Við skattskylda sölu tengiltvinnbifreiðar er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu:

- Að hámarki 4.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2020.
- Að hámarki 2.500.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2021.
- Að hámarki 2.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2022.

Þrátt fyrir þessi tímamörk fellur heimild vegna hvernar gerðar fyrir sig úr gildi frá og með sjötta virka degi næsta almanaksmánaðar eftir að 15.000 bifreiðar af hverri gerð fyrir sig, sem notið hafa framangreindra ívilnana, hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.

Framangreindar heimildir gilda um sölu nýrrar rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar og jafnframt um fyrstu sölu notaðra rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða enda sé ökutækið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu.

Skilyrði undanþágunnar er að ökutækið sé skráð sem bifreið í ökutækjaskrá og falli undir vöruliði 8703 eða 8704 í tollskrá. Einnig gilda takmarkanir á skráðri losun tengiltvinnbifreiða á koltvísyringi (50-60g/km eða minna eftir því hvaða aðferð er notuð).

Rafmagns- eða vetnisbifhjól

Við skattskylda sölu nýs rafmagns- eða vetnisbifhjóls er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu:

- Að hámarki 6.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 30. júní 2020.
- Að hámarki 6.500.000 kr. frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023.

Skilyrði undanþágunnar er að bifhjólið sé skráð sem bifhjól í ökutækjaskrá, eingöngu knúð rafmagns eða vetni og falli undir vöruliði 8703, 8704 eða 8711 í tollskrá. Heimild þessi gildir einnig við fyrstu sölu notaðs rafmagns- eða vetnisbifhjóls enda sé ökutækið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi eða söludegi miðað við fyrstu skráningu.

Nýti skattaðili sér heimild til að undanþiggja sölu á framangreindum bifreiðum og/eða hjólum frá skattskyldri veltu ber honum samhliða skilum á virðisaukaskattsskýrslu að tilkynna ríkisskattstjóra á hverju uppgjörstímabili um að slík sala hafi átt sér stað. Sú tilkynning fer fram með því að fylla út eyðublað þetta og hengja við virðisaukaskattsskýrslu hvers uppgjörstímabils á þjónustuvef embættisins, www.skattur.is.

Létt bifhjól eða reiðhjól sem knúð er rafmagn

Við skattskylda sölu á nýju léttu bifhjóli eða reiðhjóli sem knúð er rafmagn er heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 400.000 kr. á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023. Létt bifhjól og reiðhjól skulu falla undir vörulið 8711 í tollskrá. Létt bifhjól skal vera skráð sem slíkt í ökutækjaskrá.

Reiðhjól með stig- eða sveifarbúnaði

Við skattskylda sölu nýs reiðhjóls með stig- eða sveifarbúnaði er heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 200.000 kr. á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023. Reiðhjól skal falla undir vöruliði 8711 eða 8712 í tollskrá.

Útfylling einstakra reita

Upplýsingar um seljanda

Hér skal tilgreina nafn, kennitölu og virðisaukaskattsnúmer seljanda og viðeigandi uppgjörstímabil virðisaukaskatts.

Upplýsingar um seld skráningarskyld ökutæki

Tilgreina skal tegund ökutækis, þ.e. rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreið, rafmagns- eða vetnisbifhjól, létt bifhjól eða létt bifhjól sem knúð er rafmagn. Einnig skal tilgreina fastanúmer bifreiðar, bifhjóls eða létts bifhjóls og söludag. Því næst ber að tilgreina í reit A heildarsöluverð án virðisaukaskatts, í reit B söluverð sem undanþegið er virðisaukaskatti og í reit C þann virðisaukaskatt sem lagður var á sölu ökutækisins.

Samanlögð fjárhæð úr reit B færast sem undanþegin velta á virðisaukaskattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabil. Nemi söluverð farartækis hærra verði en nemur framangreindum fjárhæðarmörkum skal reikna virðisaukaskatt á það sem umfram er. Samanlögð fjárhæð í reit C telst því til skattskyldrar veltu á virðisaukaskattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabil.

Upplýsingar um seld reiðhjól

Tilgreina skal tegund reiðhjóls, þ.e. annars vegar reiðhjól knúð rafmagn og hins vegar reiðhjól með stig- eða sveifarbúnaði. Einnig skal tilgreina fjölda seldra hjóla í hvorum flokki fyrir sig. Í reit A skal tilgreina söluverð án virðisaukaskatts, í reit B fjárhæð sem undanþegin er virðisaukaskatti við sölu og í reit C þann virðisaukaskatt sem lagður var á sölu reiðhjólans/-hjólanna.

Fjárhæð úr reit B færast sem undanþegin velta á virðisaukaskattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabil. Nemi söluverð reiðhjóls hærra verði en nemur framangreindum fjárhæðarmörkum skal reikna virðisaukaskatt á það sem umfram er. Samanlögð fjárhæð í reit C telst til skattskyldrar veltu á virðisaukaskattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabil.